



TILLAGA

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Tillögur í tengslum við aðgengisstefnuna. Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 var samþykkt á fundi borgarstjórnar þ. 3. maí 2022, en fátt hefur spurst til hennar síðan og samþykkt aðgengisstefna t.a.m. ekki aðgengileg á vef borgarinnar. Flokkur fólksins leggur til að Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verði kynnt fyrir borgarbúum? Einnig er lagt til eftirfarandi: Að Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verði kynnt innan kerfis borgarinnar, svo sem í ráðum, deildum og stofnunum hennar? Að farið verði í að innleiða Aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 að fullu. MSS22090063

Virðingarfyllt,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa